



**Bygðastofnun**  
Prónarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1698  
komudagur 8.4.2002

Sauðárkrókur 02.04.2002

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um mál 584, frumvarp til laga um landgræðslu.


Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið eru núverandi landgræðslulög að stofni til frá árinu 1965 og því fyllilega orðið tímabært að löggjöf um landgræðslu verði tekin til endurskoðunar. Frumvarpið skýrir betur en verið hefur verkaskiptingu á sviði landgræðslumála og því ætti stefnumótun á sviði landgræðslu að geta orðið markvissari og skýrari en áður. Verulega er tekið á lagalegum úrræðum sem Landgræðsla ríkisins getur gripið til, þegar bregðast þarf við einstökum málum með skýrum hætti.

Bygðastofnun telur mikilvægt að lagarammi landgræðslu á Íslandi falli sem best að þeirri þróun sem orðið hefur í umhverfismálum hérlendis undanfarna áratugi og að Landgræðsla ríkisins verði eflað. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir verði virkari í landgræðslumálefnum, með því að þeim verður gert skylt að gera einfaldar héraðsáætlanir um landgræðslu til fjögurra ára, sem falla að markmiðum landsáætlunar á sviði landgræðslu. Með þessu móti eru sveitarstjórnir gerðar meðvitaðri um stöðu mála í sveitarfélaginu og líklegri að landgræðslumarkmið ná fram að ganga.

Virðingarfyllt

  
Bjarki Jóhannesson  
forstöðumaður Prónarsviðs

  
Þórarinn Sólmundarson  
ráðgjafi